



Eyþór Björnsson  
Hindarlundur 14  
600 Akureyri

UMHVERFIS- OG  
AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 101 Reykjavík  
sími: 545 8600 postur@uar.is  
umhverfisraduneyti.is

Reykjavík 5. nóvember 2021  
Tilv.: UMH21090066/2.3.4

Stefnan Í átt að hringrásarhagkerfi sem gefin var út í júní sl. er heildarstefna umhverfis- og auðlindaráðherra í úrgangsmálum. Hún samanstendur af stefnu um úrgangsforvarnir 2016–2027 og stefnu um meðhöndlun úrgangs 2021–2032. Sem heild spannar stefnan allan úrgangsprihyrninginn og miðar að því að styðja við myndun hringrásarhagkerfis á Íslandi og draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá úrgangi. Takmarkið er að draga verulega úr myndun úrgangs, auka endurvinnslu og hætta urðun. Sérstakar aðgerðaáætlanir hafa verið settar vegna plastmengunar og matarsóunar. Árið 2020 gaf ráðherra út aðgerðaáætlun í plastmálefnum, Úr viðjum plastsins, og í september sl. kom út aðgerðaáætlun gegn matarsóun, Minni matarsóun. Þessar áætlanir taka mið af myndun hringrásarhagkerfis og eru settar með hliðsjón af heildarstefnu í úrgangsmálum. Unnið er að aðgerðaáætlun vegna textíls.

Hér með ert þú skipaður aðalfulltrúi í stýrihópinn sem ætlað er að tryggja framkvæmd heildarstefnu í úrgangsmálum og einstakra aðgerða stefnunnar, efla samvinnu stjórnvalda, haghafa og almennings í málaflokknum, formfesta samstarf þeirra á milli og tryggja virkt samráð, sbr. aðgerð 27 í stefnu um meðhöndlun úrgangs 2021–2032.

Hlutverk stýrihópsins verður nánar tiltekið að fylgja eftir framkvæmd heildarstefnu í úrgangsmálum auk fyrrgreindra aðgerðaáætlana og eftir atvikum öðrum stefnumarkandi áætlunum í málaflokknum sem ráðherra felur hópnum að fylgja eftir. Hópurinn skal auk þess taka til umfjöllunar álitamál sem tengjast úrgangsmálum og upp kunna að koma, vera vettvangur umræðu um stefnur og strauma í úrgangsmálum og hafa yfirsýn og fylgjast með stöðu úrgangsmála í landinu. Gert er ráð fyrir að hópurinn hafi eftir atvikum samráð við hringrásarteymi umhverfis- og auðlindaráðuneytisins. Stýrihópurinn skal setja fram ábendingar til ráðherra ef hann telur aðgerðir ekki hljóta fullnægjandi framgang og benda á atriði sem betur mega fara í málaflokknum með hliðsjón af stöðu úrgangsmála, markmiðum Í átt að hringrásarhagkerfi og settum tölulegum markmiðum í málaflokknum. Stýrihópurinn skal í nóvember ár hvert gefa ráðherra skriflega skýrslu um starf hópsins undangengið ár og um stöðu á framkvæmd framangreindrar heildarstefnu í úrgangsmálum og aðgerðaáætlana.

Stýrihópurinn er þannig skipaður:

Ágúst Trausti Hermannsson, formaður, umhverfis- og auðlindaráðuneytinu,

Rakel Sigurveig Kristjánsdóttir, sérfræðingur í úrgangsmálum, aðalfulltrúi,  
Ísak Már Jónsson, sérfræðingur í úrgangsmálum, varafulltrúi,  
tilnefnd af Umhverfisstofnun.

Arnór Snæbjörnsson, lögfræðingur, aðalfulltrúi,  
Bryndís Eiríksdóttir, sérfræðingur, varafulltrúi,  
tilnefnd af atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu.

Eygerður Margrétardóttir, verkefnisstjóri umhverfis- og úrgangsmála, aðalfulltrúi,  
Steinþór Þórðarson, framkvæmdastjóri Kólku, varafulltrúi,  
tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Gyða S. Björnsdóttir, sérfræðingur í sjálfbærni hjá SORPU bs., aðalfulltrúi,  
Jón Viggó Gunnarsson, framkvæmdastjóri SORPU bs., varafulltrúi,  
tilnefnd af Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

Eyþór Björnsson, framkvæmdastjóri Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi eystra, aðalfulltrúi,  
Berglind Kristinsdóttir, framkvæmdastjóri Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum, varafulltrúi,  
tilnefnd af landshlutasamtökum sveitarfélaga á landsbyggðinni.

Gunnar Dofri Ólafsson, samskipta- og þróunarstjóri SORPU bs., aðalfulltrúi,  
Líf Lárusdóttir, markaðsstjóri Terra umhverfisþjónustu hf., varafulltrúi,  
tilnefnd af FENÚR.

Árni Grétar Finnsson, verkefnastjóri á samkeppnishæfnisviði, aðalfulltrúi,  
Hugrún Elvarsdóttir, verkefnastjóri á samkeppnishæfnisviði, varafulltrúi,  
tilnefnd af Samtökum atvinnulífsins.

Lárus M.K. Ólafsson, sérfræðingur á sviði umhverfis- og orkumála, aðalfulltrúi,  
Jóhanna Klara Stefánsdóttir, sviðsstjóri mannvirkjasviðs, varafulltrúi,  
tilnefnd af Samtökum iðnaðarins.

Sigurður Halldórsson, framkvæmdastjóri Pure North Recycling ehf., aðalfulltrúi,  
Ragna Vala Kjartansdóttir, skrifstofustjóri, varafulltrúi,  
tilnefnd af Samtökum verslunar og þjónustu.

Auður Alfa Ólafsdóttir, verkefnisstjóri, aðalfulltrúi,  
Sara S. Öldudóttir, sérfræðingur, varafulltrúi,  
tilnefndar af Alþýðusambandi Íslands.

Brynhildur Pétursdóttir, framkvæmdastjóri, aðalfulltrúi,  
Breki Karlsson, formaður, varafulltrúi,  
tilnefnd af Neytendasamtökunum.

Alma Stefánsdóttir, sérfræðingur, aðalfulltrúi,  
Ágústa Jónsdóttir, framkvæmdastjóri, varafulltrúi,  
tilnefndar af umhverfis- og náttúruverndarsamtökum.

Lára Kristín Traustadóttir og Guðmundur B. Ingvarsson frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu verða starfsmenn stýrihópsins.

Ekki er greitt sérstaklega fyrir setu í stýrihópnum.



Guðmundur Ingi Guðbrandsson



Sigríður Auður Arnadóttir

Ljósrit: Landshlutasamtök sveitarfélaga á landsbyggðinni

